



Uppgjör Landsbankans

janúar - september 2015

Fréttatilkynning vegna níu mánaða uppgjörs

Landsbankinn hagnast um 12 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2015

- » Hagnaður Landsbankans á 3. ársfjórðungi nam 12 milljörðum króna.
- » Bakfærð varúðarfærsla vegna gengislána til fyrirtækja skýrir 6,8 milljarða króna af hagnaði eftir skatta á 3. ársfjórðungi.
- » Hagnaður Landsbankans á fyrstu níu mánuðum ársins er 24,4 milljarðar króna.
- » Kostnaðarhlutfall fyrstu níu mánuði ársins er 45,7%, en það var 55,3% á sama tímabili í fyrra.
- » Eigið fé Landsbankans er nú 252,5 milljarðar og eiginfjárhlutfall (CAR) er 29,2%, sem er vel yfir 21,8% eiginfjárviðmiði FME.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir: „Afkoma Landsbankans á fyrstu níu mánuðum ársins er góð, betri en á sama tíma í fyrra. Arðsemi eiginfjár eftir skatta er 13,5% og fjárhagslegur styrkur bankans er mikill. Á 3. ársfjórðungi munar mikið um áhrif af dómum Hæstaréttar í málum nr. 34/2015 og 35/2015 sem vörðuðu ágreining um gengislán til stærri fyrirtækja. Vegna fordæmisgildis dómanna bakfærir bankinn varúðarfærslu sem hefur jákvæð afkomuáhrif upp á 6,8 milljarða króna, eftir skatta.

Rekstur bankans heldur áfram að batna. Kostnaðarhlutfall er hagstætt, eða 45,7%. Tekjur hafa aukist vegna vaxandi umsvifa og hagstæðra aðstæðna í hagkerfinu og aðhaldsaðgerðir hafa skilað árangri. Samþætting Sparisjóðs Norðurlands við bankann gengur vel.

Fjármögnun bankans hefur styrkst verulega undanfarið með útgáfu skuldabréfa á erlendum fjármálamarkaði. Þá hafa innlán og útlán aukist töluvert. Búast má við að nokkuð hægi á útlánavexti á næstu mánuðum og að innlán minnki í kjölfar samþykkis nauðasamninga hinna föllnu fjármálafyrirtækja og skrepa sem verða stigin í átt að afnámi fjármagnshafa. Vegna þessa má búast við að efnahagsreikningur Landsbankans minnki um allt að 10%. Bankinn leggur mikla áherslu á sterka lausafjárstöðu og er því vel undirbúinn fyrir þessar breytingar.

Við í Landsbankanum lítum björtum augum til framtíðar. Við höfum mótað okkur skýra stefnu sem mun skapa bankanum enn sterkari samkeppnisstöðu, viðskiptavinum og hluthöfum til góða.“

Lykilstærðir

	9M 2015	9M 2014	3F 2015	3F 2014
Hagnaður eftir skatta	24.413	19.985	12.008	5.107
Arðsemi eiginfjár eftir skatta	13,5%	11,4%	19,5%	8,6%
Leiðrétt arðsemi eftir skatta*	9,8%	6,9%	8,1%	6,9%
Vaxtamunur eigna og skulda**	2,3%	2,0%	1,9%	2,4%
Kostnaðarhlutfall ***	45,7%	55,3%	47,9%	43,7%
Allar upphæðir í milljónum króna				
	9M 2015	9M 2014	2014	2013
Heildareignir	1.175.804	1.201.247	1.098.370	1.151.516
Útlán til viðskiptavina	807.033	719.627	718.355	680.468
Innlán frá viðskiptavinum	624.924	497.583	551.435	456.662
Eigið fé	252.484	240.987	250.803	241.359
Eiginfjárhlutfall (CAR)	29,2%	27,1%	29,5%	26,7%
Vanskilahlutfall (>90 daga)	2,0%	3,3%	2,3%	5,3%

* **Leiðrétt arðsemi eftir skatta** = [Hagnaður eftir skatta – jákvæðar virðisbreytingar útlána (eftir skatta) - skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja – hagnaður af aflagðri starfsemi] / meðalstaða eigin fjár.

** **Vaxtamunur eigna og skulda** = (vaxtatekjur / mst heildareigna) – (vaxtagjöld / mst heildarskulda).

*** **Kostnaðarhlutfall** = Rekstrargjöld alls að frátalinni gjaldfærslu vegna hlutabréfatengdra launaliða / Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána.

Nánari upplýsingar má nálgast á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is.

Nánari upplýsingar veitir Rúnar Palmason, upplýsingafulltrúi Landsbankans, s. 410-6263 / 899-3745 og í netfanginu pr@landsbankinn.is.